

**26. fundur Atvinnu- og hafnarnefnd haldinn Strandgötu 38, 28. september
2020
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Heiðar Jóhannsson (HJ), Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir (GSB), Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ) og Björgvin Smári Haraldsson (BSH).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, Hafnarstjóri

Dagskrá:

1. Strandgata 39-41, sameining lóða - 2004602

Bréf frá Freyju Magnúsdóttur f.h. Tungusilungs dags. 20.07.2020 þar sem minnkun lóðar við Strandgötu 39-41 er mótmælt.

Mál vísað frá 48. fundi Byggingar-, skipulags- og umhverfisnefndar sem fór fram 02.09.2020 þar sem svæðið fellur undir hafnarsvæði, en þar var bókað að skv. deiliskipulagi samþykkt í hreppsnefnd þann 22.10.2014 er lóðin fyrir Strandgötu 39-41 í samræmi við lóðarblað byggingarfulltrúa dags. 4.6.2020 að stærð 1522 m².

Afgreiðslu frestað. Hafnarstjóra falið að afla frekari gagna hjá byggingarfulltrúa.

2. Fjárhagsáætlun 2021 - 2007024

Umræður um áheyrsluatriði nefndarinnar vegna fjárhagsáætlunar 2021.

Nefndin leggur áherslu á að farið verði í nauðsynlegar viðhaldsframkvæmdir á hafnarsvæði og telur brýnt að fyrst verði farið í framkvæmdir við rafmagn.

Hafnarstjóra er falið að vinna lista yfir nauðsynlegar framkvæmdir og leggja fyrir næsta fund nefndarinnar.

3. Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031 - 1809041

Drög að greinargerð Aðalskipulags Tálknafjarðarhrepps 2019-2031 lögð fram til kynningar og umsagnar.

Atvinnu- og hafnarnefnd telur rétt að stefnt verði að stækkun hafnarsvæðis í nýju aðalskipulagi. Þá er mikilvægt að vel sé hugað að öllum þörfum atvinnulífs við gerð skipulagsins.

4. Kvóti úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga og sérreglur sveitarfélaga - 2009245

Tölvupóstur frá atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu dags. 11.09.2020 varðandi úthlutun byggðakvóta til byggðalaga og sérreglur sveitarfélaga um úthlutun byggðakvóta.

Lagt fram til kynningar.

Atvinnu- og hafnarnefnd leggur til að settar verði sérreglur fyrir Tálknafjörð með svipuðum hætti og gert var fyrir fiskveiðiárið 2019-2020.

Atvinnu- og hafnarnefnd leggur áherslu á að ákvörðun sveitarstjórnar um að vísa

26. fundur
12.10.2020

afgreiðslu ráðuneytis varðandi byggðakvóta Tálknafjarðar 2019-2020 til umboðsmanns Alþingis verði fylgt eftir.

5. Áhættumat hafnaraðstöðu fyrir Tálknafjarðarhöfn - 2002243

Bréf frá Samgöngustofu dags. 08.07.2020 þar sem tilkynnt er um staðfestingu á nýju áhættumati hafnaraðstöðu fyrir Tálknafjarðarhöfn.

Lagt fram til kynningar.

6. Höfn Viðbragsáætlun Tálknafjarðarhafnar - 2007047

Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 30.06.2020 þar sem tilkynnt er um að viðbragsáætlun Tálknafjarðarhafnar sbr. 11. gr. reglugerðar 1010/2012 sé samþykkt.

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:00.

Heiðar Jóhannsson (HJ)

Guðlaug Sigurrós Björnsdóttir
(GSB)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)

Björgvin Smári Haraldsson
(BSH)
